


Hólabær

Starfsáætlun



2025-2026



Hólabær Skólabraut 1, 380 Reykhólahreppur

Íris Ósk Sigþórsdóttir, deildarstjóri

Efnisyfirlit

| | |
|---------------------------------------|--------------|
| Starfsáætlun Hólabæjar | 4 |
| Um leikskólann | 4 |
| Gerð leikskóla | 4 |
| Lög um leikskóla | 5 |
| Aðalnámskrá leikskóla | 6 |
| Stefna og uppeldisfræðilegar áherslur | 6 |
| Einkunnarorð skólans | 7 |
| Gildi skólans | 7 |
| Nemenda- og sérfræðiþjónusta | 8 |
| Ásgarður skólaráðgjöf | 8 |
| Sálfræðiráðgjöf | 8 |
| Talmeinaþjónusta | 8 |
| Stjórnskipulag skólamála. | 9 |
| Tölulegar upplýsingar | 9-10 |
| Starfsfólk | 11-12 |
| Starfsmannastefna Hólabæjar | 12 |
| Móttaka nýliða | 13 |
| Starfsþróunarsamtöl | 13 |
| Endur- og símenntunaráætlun | 13 |
| Fundir og faglegar áherslur | 14 |
| Vetrarfrí Reykhólaskóla | 14 |
| Sumarleyfi leikskóladeildar | 15 |
| Mat á skólastarfi | 15 |
| Skimunaráætlun | 16 |
| Farsæld | 17 |
| Foreldrasamstarf | 17 |
| Foreldrafundir og foreldrasamtöl | 17-18 |
| Heimasíða og samskipti | 18 |

| | |
|--|--------------|
| Foreldraráð/foreldrafélag | 19 |
| Skólaráð | 19-20 |
| Móttaka og aðlögun nemenda | 20-23 |
| Útbúnaður leikskólabarna | 23-25 |
| Svefn og hvíld | 25 |
| Akstur með skólabíl | 25-26 |
| Mætingar barna | 26 |
| Tilmæli um veikindi | 27 |
| Sérstakar áherslur í starfi skólaárið 2025-2026 | 27-30 |
| Samstarf við grenndarsamfélag | 30 |
| Samstarf leik- og grunnskóla | 30-31 |
| Heilsugæslustöð | 31 |
| Áætlanir | 31 |
| Eineltisáætlun | 31-32 |
| Forvarnaráætlun | 32 |
| Rýmingaráætlun | 32-33 |
| Áfallaáætlun | 33 |
| Óveðursáætlun | 33-34 |
| Slysaskráning | 34 |
| Námsvísir og skóladagatal | 35 |
| Námsvísir | 35 |
| Skóladagatal | 36 |
| Skóladagatal 2025-2026 | 36 |
| Opnunartími og dagskipulag | 36-37 |
| Sérstakir dagar | 37-38 |
| Lokaorð | 38 |

Starfsáætlun Hólabæjar

Leikskólar landsins vinna eftir aðalnámskrá samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þar er meðal annars kveðið á um að hver og einn leikskóli vinni sína skólanámskrá þar sem greint er fyrir á hvern hátt skólinn uppfyllir þau viðmið sem sett eru fram í aðalnámskránni.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulag öryggis- og slysamála eftir því sem við á.

Starfsáætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skólanefnd tekur hana til afgreiðslu eins og greint er frá í lögum um leikskóla.

Í lok hvers skólaárs gera stjórnendur mat á starfsáætlun liðins skólaárs með það í huga að greina hvernig gekk að framfylgja því sem lagt var upp með. Á heimasíðu leikskólans er birt starfsáætlun og síðan mat á starfsáætlun hvers skólaárs en einnig skal gerð grein fyrir þessum þáttum í innra mati leikskólans.

Um leikskólann

Gerð leikskóla

Reykhólaskóli er samrekin stofnun grunn- og leikskóladeildar innan Reykhólahrepps, leikskóladeildin kallast Hólabær. Hólabær er hluti af heilsueflandi leikskólaumhverfi.

Heimilisfang leikskólans er Skólabraut 1, 380 Reykhólahreppur.

Skólastjóri Reykhólaskóla er faglegur leiðtogi og ber ábyrgð á faglegu starfi og rekstri leikskólans. Skólastjóri starfar eftir starfslýsingu leikskólastjóra, undir skólastjóra starfar svo deildarstjóri leikskóladeildar og aðrir starfsmenn, bæði skólastjóri og deildarstjóri starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Skólinn hefur það hlutverk að veita menntun eins og hún gerist best á hverjum tíma.

Hólabær starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn að skólaskyldualdri. Leikskóli skal annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi.

Foreldrar, samkvæmt lögum, teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í öllu leikskólastarfi. Börnum skal veitt umönnun og menntun, þeim búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og þeim veitt örugg náms- og leikskilyrði. Í leikskólum skal stuðla að því að nám fari fram í gegnum leik og skapandi starf þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir mannlegum gildum.

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 skulu meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla vera:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita markvissa málörvun og stuðla að góðri færni í íslensku.
- Að huga að andlegum, vitsmunalegum og líkamlegum þáttum hjá börnum í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi meðal annars að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla var endurútgefin árið 2011. Hún er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og lög og reglugerðir og ber leikskólum landsins að starfa eftir henni. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Hver leikskóli vinnur skólanámskrá fyrir sig og mótar sér stefnu sem starfsfólk hans starfar eftir sem síðan þarf að meta og endurskoða. Breytingarnar á aðalnámskrá leikskóla sem skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta megji með reglubundnum hætti, og með virkri þátttöku barna, viðhorf, líðan og stöðu þeirra, tóku gildi 1. september 2023.

Stefna og uppeldisfræðilegar áherslur

Hugmyndafræði leikskólans byggist meðal annars á lífsviðhorfi, gildismati, þekkingu og reynslu starfsmanna ásamt uppeldis- og menntakenningum er tengjast leikskólastarfi.

Í Hólabæ er lögð áhersla á að vellíðan, jákvæðni, stuðningur og vingingarnleiki einkenni öll samskipti. Stefna Hólabæjar er að börnin læra í gegnum leikinn og eru virk og skapandi í námi sínu og starfi. Bæði leik- og grunnskóladeild Reykhólaskóla eru þátttakendur í verkefni á vegum Landslæknis um heilsuefandi grunn- og leikskóla.

Einkunnarorð Reykhólaskóla eru “*Vilji er vegur*”. Þau kjarna vaxtarhugarfar, seiglu, áherslu á markmiðasetningu og val nemenda auk lausnamiðunar í öllum málum. Ef við viljum læra, þroskast, eflast og hafa áhrif þá getum við það.

Einnig hefur Hólabær notast við orðin “*þar sem gleðin býr*” sem vísa þá til barnæskunnar og gleðinnar að læra í gegnum leikinn.

Reykhólaskóli er metnaðarfullur og skapandi útinámsskóli sem leggur áherslu á virka þátttöku allra nemenda, samstöðu, seigluþjálfun, leikgleði og farsæld. Við byggjum starf okkar á lýðræðislegu samstarfi innan skólans og við nærsamfélagið. Við trúum því að við lærum best með því að beita þekkingu og leikni í raunverulegum aðstæðum og leggjum því áherslu á fjölbreytt nám sem tengist lífi og veruleika nemenda. Reykhólaskóli hefur þegar

tekið fyrstu skrefin í átt að því að verða heilsueflandi skóli þar sem vellíðan, heilbrigði og jafnvægi eru í forgrunni.

Einkunnarorð Reykhólaskóla eru:

Vilji er vegur

Þau vísa til þess sem skólinn væntir af nemendum sínum, þ.e. að leggja sig fram eftir bestu getu, leggja metnað og alúð í öll verkefni sem þarf að leysa og að þeim séu allir vegir færir.

Hólabær notar einnig orðin:

“Hólabær, þar sem gleðin býr”

Sem vísar til þess að í leik og starfi Hólabæjar lærum við í gegnum leikinn, gleðina, vináttu og kærleika.

Í Reykhólaskóla viljum við bjóða upp á

- Metnaðarfullt, heilbrigt og hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af fagmennsku starfsfólks.
- Fjölbreytta aðstöðu til náms og leiks fyrir alla aldurhópa, bæði inni og úti.
- Öflugt bókasafn með framúrskarandi aðgengi að hvetjandi lestrarefni.
- Fjölbreytta námsaðstöðu sem styður við ólíka lærdómsstíla og þroskaþarfir.
- Hollan og næringarríkan mat sem styður við vellíðan og einbeitingu.
- Fjölbreytt og einstaklingsmiðuð námstækifæri með áherslu á val nemenda, lýðræði og sjálfstæði.
- Markvissa fjölbreytni í kennsluaðferðum, námsgögnum og námsmati.
- Tækifæri til slökunar, sjálfsmeðvitundar og núvitundar.
- Verklegt nám, hreyfingu og skapandi tjáningu sem hluta af daglegu skólastarfi.
- Krefjandi og merkingabær viðfangsefni sem efla gagnrýna hugsun, seiglu og vaxtarhugarfar.
- Aðgang að nútímalegri og fjölbreyttri námstækni sem styður við lærdóm og sköpun.
- Áherslu á jákvæðni, hvatningu og lausnamiðað viðhorf.

- Stuðning við einstaklingsmiðaðar framfarir og félagslegan þroska hvers og eins.
- Umhverfi þar sem allir mæta virðingu og skilningi og fá stuðning til að þroskast og dafna á eigin forsendum.
- Tækifæri til samvinnu og samstarfs innan skóla, við samfélagið og við nærsamfélög.
- Regluleg skólaferðalög, vettvangsferðir og samstarfsverkefni við samfélagið.
- Heildstætt skólustarf frá 1–16 ára sem skapar samfellu í námi og menntun.

Nemenda- og sérfræðipjónusta

Ásgarður skólaráðgjöf

Reykholahreppur er með samning við Ásgarð skólaráðgjöf. Faglegur stuðningur Ásgarðs við leikskólann felst í stuðningi, aðstoð við framkvæmd og lausnamiðun er varðar daglegt skipulag og faglega umgjörð leikskólustarfsins auk sérkennsluráðgjafar.

Leikskólastjóri/deildarstjóri sækir þann stuðning sem þörf er á hverju sinni hjá Gunnþóri Eyfjörð Gunnþórssyni ráðgjafa í Ásgarði skólaráðgjöf.

Sálfræðiráðgjöf

Reykholaskóli hefur samning um þjónustu sálfræðings, Magnúsar Baldurssonar sem sinnt hefur starfi skólasálfræðings við Reykhólaskóla síðastliðin ár. Leikskóladeild er hluti af þeim samning. Magnús kemur reglulega yfir veturinn og sinnir greiningu og annarri ráðgjöf þegar þörf er á innan leikskóladeildar í samráði við skólastjóra/deildarstjóra og nemendapjónustu yngra sviðs.

Talþjálfun

Grunn- og leikskóladeild Rrykhólaskóla nýtur þjónustu talmeinafræðinga hjá Tröppu talþjálfun. Þjálfunin fer að mestu fram í gegnum fjarfundabúnaðinn Kara connect þar sem starfsmaður leikskólans eða nemendapjónustu situr tíma með barni og fylgir eftir þjálfuninni í daglegu starfi. Talmeinafræðingar sem sinna Reykhólaskóla eru Tinna Sigurðardóttir og Lilja Helgadóttir sem starfa báðar hjá Tröppu. Starfsmaður á vegum yngra sviðs

nemendapjónustu Reykhólaskóla situr tíma í talkennslu með nemendum leikskóladeildar og miðlar upplýsingum til foreldra og deildarstjóra leikskóladeilar.

Stjórnskipulag skólamála.

Mennta- og menningarmálanefnd er skipuð þremur fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Fulltrúar kennara, deildarstjóri leikskóladeildar, skólastjóra og foreldra eiga rétt til setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk nefndarinnar er að marka stefnu Reykhólahrepps í skólamálum, fylgjast með og stuðla að því að skólanum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu, aðbúnaður sé fullnægjandi og að unnið sé skv. lögum.

Mennta og menningarmálanefnd skipa skólaárið 2025-2026.

Vilberg Þráinsson, formaður

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir

Steinunn Ó. Rasmus

Aðrir í áheyrn eru:

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri ritar fundi.

Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri Reykhólaskóla.

Íris Ósk Sigbórsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar.

Kristrún Lind Birgisdóttir, skólastjóri Ásgarðsskóla.

Marie-Susann Zeise, tómstundafulltrúi.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, fulltrúi kennara.

Hafrós Huld Einarsdóttir, fulltrúi foreldra.

Tölulegar upplýsingar

Hólabær er deild innan Reykhólaskóla sem sinnir börnum á aldrinum 1 árs til 6 ára. Börnunum er skipt í 2 hópa, græna hóp sem sinnir börnum á aldursbilinu eins til tveggja ára og rauða hóp sem sinnir börnum frá þriggja ára upp til sjötta árs eða allt eftir því hvernig aldursröðun barna leikskóladeildar er ár hver. Boðið er upp á vistun fyrir börn 12 mánaða til sex ára. Börnum frá eins árs aldri til 18 mánaða býðst 6 klst gjaldfrjáls vistun dag hvern milli kl. 9:00-15:00 mánudaga - fimmtudaga og frá kl. 9:00-14:00 á föstudögum. Börnum eldri en 18 mánaða býðst 8 klst vistun frá kl. 8:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og frá kl. 8:00-14:00 á föstudögum. Inntökuskilyrði í Hólabæ eru að börn hafi náð 12 mánaða aldri og hafi lögheimili í sveitarfélaginu en umsókn um vistun getur þó borist fyrir þann tíma.

Vakin er athygli á því að gjald er innheimt af sveitarfélagi fyrir tímana frá kl. 8:00-9:00 og milli kl. 15:00-16:00. [gjaldskrá utan gæðatíma](#)

Tíminn frá kl. 9:00-15:00 er gjaldfrjáls öllum þeim sem lögheimili hafa í Reykhólahrepp.

Skólaárið 2025-2026 eru skráð 12 börn í nám í Hólabæ fyrir áramót, von er á tveimur eftir áramót sem gerir 14 börn í heildina.

Fjöldi barna og aldur skiptast eftirfarandi:

| Árgangur | Drengir | Stúlkur | Alls |
|-------------|----------------------------|----------------------------|-------------------------------|
| 2020 | 0 | 1 | 1 |
| 2021 | 1 | 1 | 2 |
| 2022 | 3 | 2 | 5 |
| 2023 | 0 | 2 | 2 |
| 2024 | 2 | 0 | 2 |
| 2025 | 1 (kemur jan.2026) | 1(kemur mars 2026) | 2 |
| Fjöldi alls | 6 á haustönn 7 á vorönn | 6 á haustönn 7 á vorönn | 12 á haustönn 14+ á vorönn |

Starfsfólk

Anna Margrét Tómasdóttir skólastjóri Reykhólaskóla grunn- og leikskóladeildar.

Íris Ósk Sigbórsdóttir starfar í um 70% starfshlutfalli sem deildarstjóri leikskóladeildar og sér um daglegt skipulag, foreldrarsamstarf, fundarsetu og annað sem til fellur í starfslýsingu.

Hrefna Jónsdóttir, starfar í 30% starfshlutfalli sem deildarstjóri á móti Írisi og sér um ráðgjöf, læsisstefnu leikskólans, faglegt starf eldri barna og á þátt í skipulagi innan deildar í samráði við Írisi.

Starfsmenn Hólabæjar, starfsárið 2025-2026:

| | |
|--------------------------|--|
| Íris Ósk Sigbórsdóttir | iris@reykholaskoli.is |
| Hrefna Jónsdóttir | hrefna@reykholaskoli.is |
| Dísa Sverrisdóttir | disa@reykholaskoli.is |
| Sandra Rún Gústafsdóttir | sandrarg@reykholaskoli.is |
| Sandra Rún Björnsdóttir | sandra@reykholaskoli.is |
| Borghildur Eiríksdóttir | |

- Íris Ósk Sigbórsdóttir, deildarstjóri og leiðbeinandi í 70% starfshlutfalli.
Sér um daglegt skipulag á deild og í hópum, foreldrarsamstarf, fundarsetu, faglegt starf s.s. listasmiðju og málörvun yngri barna og annað sem til fellur í starfslýsingu.
- Hrefna Jónsdóttir, deildarstjóri, faglegt starf og ráðgjöf í 30% starfshlutfalli.
Sinnir eftirliti með læsisstefnu leikskólans, faglegt starf eldri barna og á þátt í skipulagi innan deildar í samráði við Írisi.

- Díska Sverrisdóttir, leiðbeinandi og starfar við Reykhólaskóla í 80% starfshlutfalli. Díska er leiðbeinandi með báðum hópum samhliða því að hún sér um þvottahús og bókasafn Reykhólaskóla.
- Borghildur Birna Eiríksdóttir, leiðbeinandi á leikskóla og stuðningsfulltrúi grunnskóladeildar starfar í 98% starfshlutfalli frá 23. september. Hún starfar með báðum hópum innan leikskóladeildar og sér um hreyfingu í sal og setur upp þrautabrautir og leiki.
- Sandra Rún Gústafsdóttir, leiðbeinandi í 50% starfshlutfalli frá 1. nóvember. Sandra sér um tilraunir/vísindi og annað almennt starf á deild. Sandra er í leikskólaliðanámi við Borgarholtsskóla.
- Sandra Rún Björnsdóttir, iðjuþjálfari. Hún er í 10% starfshlutfalli við nemendapjónustu leikskóladeildar í vetur. Sandra B. sér um að starfa með nemendum sem þurfa auka mál- og/eða hreyfiörvun í einstaklingsmiðuðum verkefnum. Einnig setur Sandra upp einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þurfa og aðrir starfsmenn innan deildar vinna eftir.
- Bryndís Marí Ólafsdóttir, ræstitæknir í Hólabæ. Starfar eftir skóla við þrif á leikskóladeild eftir fyrirfram ákveðnu plani.
- Öryggistrúnaðarmaður Reykhólaskóla grunn- og leikskóladeildar er **Kjartan Þór Ragnarsson - kjartan@reykholaskoli.is**
- Trúnaðarmaður starfsmanna Verkvest er **Íris Ósk Sigþórsdóttir - iris@reykholaskoli.is**

Starfsmannastefna Hólabæjar

Í leikskólanum Hólabæ er lögð áhersla á hæfa og góða starfsmenn. Markmið starfsmanna stefnunnar er að í Hólabæ ríki gleði, góður starfsandi og gagnkvæm virðing. Til þess að ná þessum markmiðum leggjum við okkur fram við að bera virðingu fyrir hverju öðru, vinnum

saman, sýnum hvert öðru stuðning og horfum ávallt til styrkleika hvers annars. Allir eiga hrós skilið fyrir vel unnin störf og veita og þiggja leiðsögn eftir þörfum. Starfsmenn leitast allir við að gera leikskólann að öruggum og góðum uppeldis og vinnustað þar sem jákvæðni, bros og gleði er ríkjandi þáttur. Allir starfsmenn leitast við að þróa sig í starfi og sækja námskeið eftir símenntunaráætlun og þörfum hverju sinni. Í leikskóla sinnir allt starfsfólkið námi barnanna og talið er nauðsynlegt að nýta sér eins vel og hægt er þann mannauð sem leikskólasamfélagið býður upp á hverju sinni.

Móttaka nýliða

Í Hólabæ er lagt upp úr að vanda til við móttöku nýrra starfsmanna. Mikilvægt er að taka vel á móti nýju starfsfólki svo það finni að það sé velkomið og líði vel í nýju umhverfi. Það er á ábyrgð skólastjóra/deildarstjóra að leiðbeina nýju starfsfólki en vel skipulögð móttaka stuðlar að vellíðan nýja starfsmannsins, eflir færni hans og eykur líkur á stöðugleika hans í starfi. Allir starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að taka vel á móti nýjum starfsmönnum og tekur því allur starfsmannahópurinn í leikskólanum þátt í að gera móttökurnar jákvæðar og styðja nýja samstarfsfélaga. Nánari upplýsingar á móttöku nýrra starfsmanna má finna á heimasíðu Reykhólaskóla [W Móttaka nýrra starfsmanna.docx](#)

Starfsþróunarsamtöl

Skólastjóri heldur utan um starfsþróunarsamtöl sem eiga sér stað a.m.k. einu sinni á ári. Þar er farið yfir starfsþróun og líðan starfsmanna. Rætt hvort starfsfólk óski eftir breytingum í starfi m.a. flutningi á milli hópa, deilda eða starfshlutfalls. Þá er rætt um fræðsluþarfir, almennt um frammistöðu og styrkleika starfsmanna í starfi, áhugaverð námskeið eða fyrirlestra sem vert er að skoða o.fl..

Endur- og símenntunaráætlun

Markmið endur- og símenntunar í Hólabæ:

- að símenntun taki mið af þörfum alls starfsfólks.

- að símenntun verði alltaf í samræmi við stefnu skólans og áherslupætti hverju sinni.
- að efla þekkingu, hæfni, og starfsánægju starfsmannsins, að starfsmaður finni að hann þróist í starfi, öðlist öryggi og fái viðurkenningu fyrir starf sitt.

Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn eigi að hafa kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Starfsfólk er hvatt til þess að sækja námskeið og efla þekkingu sína. Starfsdagar og starfsmannafundir eru nýttir til þess að auka við þekkingu, miðla og samræma uppeldisaðferðir.

Fundir og faglegar áherslur

Deildarstjórar funda vikulegu. Íris deildarstjóri situr vikulega fundi ásamt skólastjóra Reykhólaskóla, innramats fundi sem og mánaðarlega mennta- og menningarmálfundi ásamt því að sitja fundi með fagaðilum sem koma að starfi eða ráðgjöf innan leikskóladeildar.

Á skólaárinu 2025-2026 eru sex hefðbundnir starfsdagar eins og fram kemur á skóladagatali, allir starfsdagar eru sameiginlegir með grunnskóladeild.

Starfsdagar á skólaárinu eru eftirfarandi og helsta efni:

- 12. ágúst, undirbúa opnun leikskóladeildar.
- 19. ágúst sameiginlegt námskeið með grunnskóla.
- 22. september, heimsókn í fjölbreyttar skólastofnanir á höfuðborgarsvæðinu.
- 29. október, sameiginlegur starfsmannafundur.
- 10. febrúar, námskeið starfsmanna og sameiginlegur starfsmannafundur.
- 7. apríl, námskeið starfsmanna og sameiginlegur starfsmannafundur.

Vetrarfrí Reykhólaskóla

Vetrarfrí er í leik-, grunnskóla- og tónlistardeild Reykhólaskóla á haustönn dagana 27. og 28. október 2025 og á vorönn þann 9. febrúar 2026.

Sumarleyfi árið 2026

Sumarleyfi Hólabæjar árið 2026 er frá 29. júní til og með 11. ágúst 2026

Starfsdagur er 12. ágúst 2026.

Leikskóli opnar aftur að sumarleyfi loknu 13. ágúst 2026 kl. 10:00

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunarinnar sem unnið er af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun. Deildarstjóri situr fyrir hönd leikskóladeildar fundi með innramatsteymi í samstarfi við ráðgjafa Ásgarð skólaráðgjöf.

Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Menntamálaráðuneytið gerir áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur, helstu viðmið og áherslur úttektar.

Reykhólaskóli var í ytra mati skólaárið 2017-2018. Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps hefur, í umboði sveitarstjórnar, eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla.

Skimanaáætlun

Deildarstjóri leikskóladeildar hefur í samvinnu við nemendapjónustu Reykhólaskóla haldið utan um fyrirlögn skimana í leikskólanum. Próf eru lögð fyrir börn leikskólans og eru þau nýtt til að vinna með einstaka þætti til umbóta. Starfsmenn með réttindapróf leggja skimanir

fyrir nemendur í samráði við foreldra og kynna niðurstöður þeirra á foreldrafundi eða fyrr ef þörf er á. Prófin fylgja börnunum áfram innan nemendaskjals á milli skólastiga innan Reykhólaskóla. Ef börn flytjast milli sveitarfélaga er hægt að óska eftir öllum skjölum sem tilheyra barni.

Yfirlit yfir skimanir 2025-2026

Hólabær - leikskóladeild

| Hvenær | Hvað | Hverjir | Hver |
|---|--------------------------|---------------------|-------------------------|
| September/október | Hljóm - 2 | 5 ára | Sandra Rún |
| September (eða þegar börnin eru á þessum aldri) | EFI - 2 | 3;1 - 3;8 ára | Sandra Rún |
| Október | Tras | 2 - 5 ára | Íris - allir starfsmenn |
| Október/nóvember | AEPS | 0 - 6 ára | Sandra Rún / Íris |
| Þegar þörf þykir | Íslenski smábarnalistinn | 15 - 38 mánaða | Íris - mæður svara |
| Þegar þörf þykir | Íslenski þroskalistinn | 3 - 6 ára | Íris - mæður svara |
| Janúar /febrúar ef þörf er á endurmati. | Hljóm - 2 endurmat | 5 ára | Sandra Rún |
| Apríl | Tras | 2 - 5 ára | Íris - allir starfsmenn |
| Þegar þörf þykir | AEPS | 0 - 6 ára | Íris / Sandra Rún B. |
| Þrisvar sinum yfir skólaárið | MIO | 2,5, 3,5 og 4,5 ára | Íris - Allir starfsmenn |

Hljóm-2: Skimunarpróf í leikjaformi til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Endurmat er gert ef þörf er á.

EFI-2: Málþroskaskimun sem kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins.

TRAS-skimunarefni í mál- og félagsþroska: Skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Skimunin fer fram við daglegar athafnir og starf í skólanum og taka allir starfsmenn viðkomandi deildar þátt í henni.

Íslenski smábarnalistinn: Metur mál- og hreyfiþroska 15 mánaða til 38 mánaða barna.

Íslenski þroskalistinn: Metur mál- og hreyfiþroska 3 - 6 ára barna.

AEPS - matskerfi: Metur færni barna í fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili.

MIO - skimunarefni í stærðfræði fyrir leikskóla. Hvert barn er skimað þrisvar á leikskólagöngunni. Skimunin fer fram við daglegar athafnir og starf í skólanum og taka allir starfsmenn viðkomandi deildar þátt í henni. Matið tekur til þriggja meginviða stærðfræðinnar sem eru *þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi*.

Farsæld

Börn og forsjáraðilar eiga að hafa greiðan aðgang að farsældarþjónustu Reykhólaskóla og þeirri aðstoð sem á þarf að halda og á réttum tíma. Með því að tengja þjónustuna saman og auka samvinnu milli ólíkra kerfa verður auðveldara að tryggja börnum þjónustu við hæfi. Leikskólabörn og forsjáraðilar þeirra hafa aðgang að tengilið farsældar. Börn og forsjáraðilar eiga að hafa greiðan aðgang að þeirri þjónustu og aðstoð sem á þarf að halda og á réttum tíma. Með því að tengja þjónustuna saman og auka samvinnu milli ólíkra kerfa verður auðveldara að tryggja börnum þjónustu við hæfi.

Þjónusta fyrir börn er veitt á þremur þjónustustigum sem nánar má skoða á heimasíðu Reykhólaskóla. [☰ Farsæld í Reykhólaskóla](#)

*Tengiliður farsældar Reykhólaskóla er Kjartan Þór Ragnarsson.
kjartan@reykholaskoli.is*

Foreldrasamstarf

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl barns í leikskóla og góðri líðan þess. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er ekki ætlað að koma í stað þess. Samvinna milli foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trúnaði og opnum samskiptum. Markmið foreldrasamstarfs er að foreldrar fái sem bestar upplýsingar um þroska og stöðu barns síns í leikskólanum, stuðli að þátttöku foreldra í starfi leikskólans, auki samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna og veiti foreldrum upplýsingar um starfsemi skólans.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við starfsfólk. Þeir eru sérstaklega boðnir á vissa viðburði svo sem foreldrakaffi í desember, í einkasamtöl, foreldrafundi tvisvar á skólaári, vorhátíð o.s.frv.

Foreldrafundir og foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru boðuð tvisvar á ári og einnig þegar barn byrjar á leikskólanum. Umsjón viðtala er í höndum deildarstjóra í samvinnu við starfsmann í hóp og/eða nemendabjónustu þegar það á við. Ef foreldrar óska eftir viðtali á öðrum tímum en boðaðir eru í október eða

mars er það velkomið og einungis þarf að bóka tíma hjá deildarstjóra. Foreldraviðtöl fara fram á skólaárinu 2025-2026 í október og í mars og eru auglýst með tveggja vikna fyrirvara. Markmið foreldrafunda er að kynna fyrir foreldrum helstu áhersluatriði í skimunum og ræða líðan og þroska barna, svara spurningum foreldra og eiga gæðastund þar sem rætt er um barnið og tilveru þess innan og utan leikskólans.

Heimasíða og samskipti

Karellen er skráningarkerfi sem tekið var í notkun árið 2020. Í kerfinu er haldið utan um mætingu barnanna. Þar er hægt að skrá hvernig barnið borðar, sefur og einnig er hægt að senda þaðan foreldrum skilaboð. Foreldrar geta skráð fjarveru og/eða veikindi fyrir barn sitt, sem og sent starfsmönnum leikskólans skilaboð. Þá er hægt að taka myndir af börnum við dagleg störf og senda foreldrum á lokuðu svæði. Kerfið auðveldar og eflir allt foreldrasamstarf þar sem yfirsýn foreldra eykst til muna. Starfsmenn reyna eftir bestu getu að fylgjast með kerfinu yfir daginn en foreldrum er bent á að hringja í leikskóla ef um aðkallandi upplýsingar er um að ræða sem þurfa að komast til skila sem fyrst.

Ef barn er veikt ber foreldrum að tilkynna veikindi sem fyrst á *karellen appi* eða í síma 434-773, þessar tvær boðleiðir eru einu og öruggustu boðleiðir til þess að boð berist þeim aðilum sem sinna barni þá stundina. Aðrar samskiptaleiðir s.s skilaboð í gegnum ýmsa samfélagsmiðla starfsmanna eru ekki örugg leið þar sem starfsmönnum ber ekki skylda til að svara þeim innan vinnutíma. Það er á ábyrgð foreldra að tilkynna veikindi eða önnur forföll barna sinna sem og ef einhver annar en forráðamenn sækja barn þann daginn. Starfsmenn hafa heimild til að neita að afhenda barn ef ekki er búið að tilkynna af forráðamanni hver sækir barn. Einnig eru regla að börn yngri en 12 ára (miðað við afmælisdag) hafi ekki heimild til þess að sækja börn á leikskólaaldri. Ekki verður vikið frá þeirri reglu að hálfu leikskóla.

Ef barn er í leyfi staka daga geta forráðamenn skráð daginn í karellen appið ef vitað er af lengri leyfum má senda póst á leikskoli@reykholaskoli.is um fyrirhugaðar dagsetningar á leyfi og deildarstjóri skrásetur tímabil í kerfið eða hringja í leikskóla í s.434-7731 og tilkynna leyfið.

Foreldraráð/foreldrafélag

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð en heimilt er fyrir fámenna skóla að hafa sömu stjórn í foreldraráði og foreldrafélagi. Þar sem Reykhólaskóli er sameinaður skóli með þrjár deildir; grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, hefur verið starfandi eitt foreldrafélag/foreldraráð innan skólans. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi og situr fulltrúi foreldra m.a. í skólaráði Reykhólaskóla þar sem hann fær tækifæri til að koma spurningum og skoðunum foreldra á framfæri.

Í stjórn foreldrafélags/foreldraráðsins Reykhólaskóla skólaárið 2025-2026 eru:

- Embla Dögg Bachmann, formaður
- Sigríður Ísleifsdóttir, fulltrúi grunnskóla, gjaldkeri
- Hafrós Huld Einarsdóttir, fulltrúi leikskóla, ritari.

Skólaráð

Skólaráð Reykhólaskóla er sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólastig Reykhólaskóla. Ráðið skal skipa níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Ákveðið var að helmingur ráðsins endurnýist á ári hverju og helmingur sitji áfram með nýjum fulltrúum.

Skólaráð Reykhólaskóla skólaárið 2025-2026 skipa:

- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri
- Íris Ósk Sigþórsdóttir, fulltrúi leikskólans
- María Rós Valgeirsdóttir, fulltrúi kennara
- Kjartan Þór Ragnarsson, fulltrúi starfsmanna
- Ólafía Sigurvinsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
- Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir, fulltrúi nemenda
- Bryndís Marí Ólafsdóttir, fulltrúi nemenda

- Embla Bachmann, fulltrúi foreldra leikskólans
- Agnieszka Anna M Kowalczyk, fulltrúi foreldra grunnskólans

Til vara:

- Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, varafulltrúi kennara
- Sigríður Ísleifsdóttir, varafulltrúi foreldra grunnskólans
- Hafrós Huld Einarsdóttir, varafulltrúi foreldra leikskólans
- Ingólfur Birkir Eiríksson, varafulltrúi nemenda

Móttaka og aðlögun nemenda.

Móttökuáætlun Reykhólaskóla

Skömmu áður en leikskólaganga barns hefst fá foreldrar/forráðamenn tölvupóst um vistun á leikskóla ásamt frekari upplýsingum um tilhögun aðlögunar. Foreldrar geta verið í samskiptum við deildarstjóra og eða tengilið barns til að fá frekari upplýsingar. Vinnureglur leikskólans eru að ef um annað mál en íslensku ræðir þá getur leikskólinn óskað eftir aðstoð hjá túlki til þess að koma öllum upplýsingum vel og greinilega til skila. Starfsfólk gengur úr skugga um hvort nauðsynlegt sé að nota þjónustu túlka í samtölum. Í aðlögunarferlinu ræða tengiliður og foreldrar saman fylla foreldrar út skjal með spurningum sem gott er fyrir leikskóla að hafa. Þar eru spurningar er varða barnið í brennidepli og leitast er við að kynnast barninu og fjölskyldu þess sem best. Í samtalinu er einnig farið yfir það hver innan fjölskyldunnar verður barninu innan handar í aðlögunarferlinu m.a. til þess að athuga hvort þurfi að notast við túlkþjónustu í aðlögun. Tengiliður leikskóla er ákveðinn starfsmaður sem verður fjölskyldunni til handar á meðan á aðlögun stendur.

Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að láta vita ef eitthvað breytist á síðustu stundu varðandi hver kemur með barninu fyrstu dagana.

Deildarstjóri sendir foreldrum/forráðamönnum tölvupóst um aðlögunarferlið til foreldra/forráðamanna í stuttu áður en aðlögun hefst.

Aðlögun barna:

Mikilvægt er að barn fái góðan tíma til að aðlagast og kynnast starfi Hólabæjar. Aðlögun miðast alltaf við hvert barn fyrir sig og þörfum barnsins. Áætlunin hér fyrir neðan gerir gróflega ráð fyrir eftirfarandi skipulagi en vert er að veita því athygli að sum börn þurfa að hafa forráðamenn með sér lengur en áætlunin gerir ráð fyrir ofangreindan tíma sem lagt er upp með í aðlögunarskjali og því þarf að gefa aðlögunarferli þann tíma sem barnið þarfnast og óska eftir sveigjanleika hjá vinnuveitanda. Ef dvalartími barns er styttri en skipulagið segir til um metur deildarstjóri ásamt tengilið barns aðstæður og tekur ákvörðun með foreldrum um þær tímasetningar sem henta barni.

| Aðlögun | Aðlögun |
|---|---|
| <p data-bbox="297 919 621 947">yngri barna, 12-24 mánaða</p> <p data-bbox="209 961 711 989">Dvalartími barna 12-18 mánaða er milli kl</p> <p data-bbox="391 1003 529 1031">9:00-15:00</p> <p data-bbox="142 1087 776 1241">Dagur 1: Heimsókn fyrir barnið. Barn og foreldri/ar dvelja saman í leikskólanum frá kl. 9:30 - 10:30. Barnið fær tækifæri til að skoða aðstæður með foreldrum og prófa dótið.</p> <p data-bbox="142 1276 776 1472">Dagur 2: Barn og foreldri dvelja saman í leikskólanum frá kl. 9:30-11:00. Barnið er með í ávaxtastund, foreldri aðstoðar eða býður allt eftir þörfum barnsins. Foreldri skreppur kannski fram að fá sér kaffisopa ef barn er nógu öruggt í aðstæðum.</p> <p data-bbox="142 1507 776 1661">Dagur 3: Barnið er í leikskólanum frá kl. 9:00-11:30 foreldrarnir eru með eftir þörfum. Ef barnið er komið með öryggi er það skilið eftir í samráði við tengilið aðlögunar í um klukkustund.</p> <p data-bbox="142 1696 776 1808">Dagur 4: Barnið er frá kl 9:00-12:00. Foreldri er boðið að fara frá innan tímans frá kl. 9:30-11:30 allt í samráði við tengilið aðlögunar en kemur aftur eigi</p> | <p data-bbox="971 919 1271 947">barna eldri en 24 mánaða</p> <p data-bbox="808 1003 1398 1157">Dagur 1: Barn og foreldri/forráðamaður mæta í heimsókn í leikskólann klukkan 9 9:00 og eru til ca. klukkan 10:30. Starfsmenn meta og kynnast barni úr fjarlægð og á þess forsendum.</p> <p data-bbox="808 1213 1398 1367">Dagur 2: Barn og foreldri/forráðamaður mæta klukkan 19:00 og eru til klukkan 11:00, foreldri/forráðamaður bregður sér frá í smá stund í samráði við starfsmann til að kanna viðbrögð barns.</p> <p data-bbox="808 1423 1398 1619">Dagur 3: Barn mætir 9:00 foreldri stoppar stutta stund og kveður síðan barnið. Barnið skilið eftir í 1,5-2 klst, fer eftir hvernig barnið bregst við í aðlögunarferlinu. Barn sótt kl. 11:30 ef starfsmenn hafa ekki haft samband fyrr.</p> <p data-bbox="808 1675 1398 1745">Dagur 4: Barnið mætir kl 9:00 skilið eftir hjá tengilið, barn snæðir hádegisverð og er sótt kl. 12:00.</p> |

| | |
|--|--|
| <p>síðar en kl. 11:30 og fer þá með barni í hádegisverð. Að loknum hádegisverði fer barnið heim.</p> <p>Dagur 5: Barnið kemur kl. 9:00 og foreldri er með fram að útvistartíma. Barnið er í hádegismat og hvíldartíma án foreldris.</p> <p>Dagur 6: Barnið er í leikskólanum án foreldris frá kl. 9:00 og er sótt eftir hvíldartíma. (starfsmenn hringja er barn vaknar)</p> <p>Dagur 7: Barnið dvelur í leikskólanum umsaminn dvalartíma ef vel gengur, fer það eftir þörfum hvers og eins.</p> <p style="text-align: center;">Gott er fyrir barnið að hafa með sér hlut sem því þykir vænt um og skapar því ró í daglegu starfi. Það getur verið bangsi, snuð, lítið teppi, koddi eða sambærilegt. Við hvetjum ykkur til að velja slíkan hlut með barninu og senda hann með í leikskólann. Vinsamlegast merkið hlutinn með nafni barnsins.</p> | <p>Dagur 5: Barnið mætir á sínum vistunartíma og skilið eftir, það borðar hádegisverð og fer í hvíld. Barn er sótt kl. 14:00.</p> <p>Dagur 6: Gert er ráð fyrir að barn hafi lokið aðlögun en æskilegt að það sé sótt í fyrra falli fyrstu vikuna.</p> <p>Fyrstu dagarnir í leikskóla geta verið krefjandi, það er eðlilegt að finna til þegar maður kveður barnið sitt í fyrsta sinn. Börn eru ólík en þau skynja vel þegar fullorðnir eru hikandi. Þess vegna skiptir máli að kveðja með ró og festu.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þegar tengiliður barnsins innan leikskóla tekur á móti barni, kveðjið barnið af öryggi og farið síðan ákveðin af stað. • Það er algengt að barnið gráti við skilnað; það er eðlilegur tjáningarmáti og varir oftast stutt, gjarnan innan 2–3 mínútna. • Starfsfólk er þjálfað og reynt í að styðja börn á þessum stundum og veita þeim hlýju og ró. |
|--|--|

Mikilvægar upplýsingar fyrir aðlögun barns í leikskóla:

- Mikilvægt er að barn fái góðan tíma til að aðlagast starfi og starfsfólki Hólabæjar.
- Gott er að vera búin að ákveða hver kemur með barnið í aðlögun og best er að það sé aðeins einn aðili í einu.
- Foreldrum/forráðamönnum ber að virða tímasetningar aðlögunar.
- Ef forföll verða vinsamlegast tilkynnið leikskóla í [s. 434-7731](tel:434-7731) eða gegnum Karellen app í upphafi dags.
- Sum börn þurfa að hafa foreldra/forráðamenn með sér lengur en tilgreindur tími í aðlögunarplani segir til um. Starfsmenn sjá fljótt ef barn þarf aukinn stuðning foreldra eða lengra/skemmra aðlögunarferli. Á meðan aðlögun stendur gætu

tímasetningar um dvalartíma riðlast svo foreldrar eru beðnir um að taka tillit til þess. Við biðjum foreldra vinsamlegast að vera ekki í símanum á aðlögunartíma.

Foreldrum/ forráðamönnum er ekki heimilt að taka myndir af öðrum börnum í leikskólanum en sínum eigin. Vinsamlegast gætið þagmælsku og trúnaðar varðandi það sem þið sjáið og heyrið í leikskólanum er varðar önnur börn.

- Við mælum með að börn frá 1 árs til 18 mánaða sofi í vögnum, til að fá betra næði til svefns og til að tryggja öryggi þeirra til fulls á meðan þau sofa..
- Foreldrar koma með vagna og bleyjur fyrir þau börn sem það nota. Leikskóli sér um innkaup á blautpurkkum.
- Ef börnin sofa með sérstaka bangsa, snuð eða teppi sem veitir þeim öryggi er gott að láta það fylgja með daglega eða eiga auka sett sem geymist í leikskóla. Munið að merkja allar eigur barns til að þær glatist síður.
- Taka þarf með útifatnað við hæfi í aðlögun svo barn geti tekið þátt í starfsemi dagsins.
- Barn á fyrsta ári þarf sama útbúnað og barn á 5 leikskólaári.

Góð aðlögun er grunnur að sáttu barni í góðri vistun.

Útbúnaður leikskólabarna

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og hafa ber í huga að veðrið getur breyst snögglega.

Merkja skal öll fót barnanna á greinilegan hátt, sérstaklega útiföt. Nauðsynlegt er að hafa allan fatnað í réttri stærð í leikskólanum og gott er að hafa inniskó eða sokka með stömum botni sér í lagi á yngri börnin sem eru að læra að fóta sig.

Aukaföt barnanna eru geymd í plastkössum á hillu í forstofunni, og mikilvægt að bæta í þá eftir þörfum, á kössunum er skráð það sem nauðsynlegt er að sé alltaf í þeim. *Gott er að temja sér það að þegar eitthvað er sent heim úr leikskóla að koma þarf með sambærilegan klæðnað í aukafataboxið morguninn eftir.*

Í leikskólanum er unnið með ýmis efni og áhöld sem geta skemmt föt. Vinsamlegast gætið þess að barnið sé ekki í fötum sem ykkur er sérstaklega sárt um, þar sem leikskólinn getur ekki ábyrgst óvænt óhöpp.

Það sem leikskólinn óskar eftir að sé alltaf í aukafatakössum allra barnanna er:

- Sokkar x 2
- Sokkabuxur x1
- Buxur x 2
- Langerma peysa x 2
- Bolir x 2
- Nærföt/samfella x 2 (fleiri ef barn er í wc þjálfun)

Útifatnaður :

Útifatnaður sem og annar fatnaður eru vinnuföt barnanna og þurfa því að vera í samræmi við veðurfar sem er síbreytilegt. Köld börn njóta ekki ánægjulegrar útiveru.

Við óskum eftir að eftirfarandi útifatnaður sé ávallt við höndina í hólfi barnanna:

- Kuldagalli, regnföt,
- 2x vettlingar
- Þykka og þunna húfu (bæði venjulega og lambhúshettu)
- Þykka sokka,
- hlýja peysu,
- hlýjar buxur,
- ullarsokkar,
- kuldaskór og stígvél.

Þegar fer að vora fer vetrarfatnaður heim og léttari klæðnaður tekur við.

Foreldrar/forráðamenn fá tilkynningu um þegar breytingar á fatnaði eiga sér stað.

Svefn og hvíld

Eftir hádegismat fara allir hópar í hvíld. Fyrirkomulag hvíldar fer eftir aldri og þroska barnanna í hverjum hóp, yngri börnin sofa en þau eldri hvíla sig og hlusta á sögur eða tónlist. Reynt er að skrá svefn yngstu barnanna í Karellen þannig að foreldrar geti fylgst með. Á vef Heilsuveru má finna upplýsingar um svefnþörf einstaklinga á öllum aldri. Þar segir um börn 1-2 ára að þau þurfi 11-14 klst á sólarhring og börn 3-5 ára þurfi 10-13 klst á sólarhring. Foreldrum hættir til að vanmeta svefnþörf barna og oft hafa börn þörf fyrir meiri svefn en þau fá. Hádegissvefn er náttúruleg þörf og hluti af heildarsvefnþörf barns á sólarhring. Börn allt upp að 5 ára aldri geta haft þörf fyrir svefn eftir hádegi vegna uppsafnaðs langtíma skorts á svefni. Stefna leikskólans er sú að börn séu ekki vakin nema í undantekningartilvikum og eru foreldrar beðnir um að virða þá stefnu. Barn á þessum aldri sefur af því það þarfnast svefnsins.

Ekki er æskilegt að koma með barn í leikskólann á þeim tímum sem hvíld stendur yfir.

Undantekning er þó gefin ef foreldrar barna í eldri hóp ræða sérstaklega við starfsmann innan hóps síns barns sem metur þá aðstæður í hvert sinn.

Akstur með skólabíl

Skólaakstur er skipulagður miðað við þarfir grunnskóladeildar, heimilt er þó að flytja leikskólabörn með skólabílum ef pláss er í bílnum þ.e. ef dagleg akstursleið skólabíls lengist ekki eða einungis óverulega. Leikskólabarn má fara með skólabílnum þegar það hefur náð 2ja ára aldri. Bílstjórarnir eru Þráinn Hjálmarsson og Vilberg Þráinsson. Vilberg keyrir um innsveit og Þráinn keyrir í Gufudalssveit. Skólabílar koma að Reykhólaskóla um kl. 8:15 og fara frá Reykhólaskóla kl 15:00 mánudaga til fimmtudaga og 12:30 föstudaga.

Ef skólabílstjóri á ekki að sækja barn sem að venju fer með bílnum er það á ábyrgð foreldra að láta bæði bílstjóra og starfsmenn leikskóla vita tímanlega um þá breytingu. Það er ekki ábyrgð bílstjóra að koma þeim boðum áfram til leikskóla.

Vakin er athygli á því að skráður dvalartími barns gildir og lengist ekki sjálfkrafa ef foreldrar taka ákvörðun að barn fari ekki þann daginn heim með skólabifreið.

Práinn s: 434-7774/895-7774 og Vilberg s: 434-7772/863-2059

Leikskóli s: 4347731

[Skólareglur](#)
[Skólareglur Reykhólaskóla](#)

Mætingar barna

Þegar barn kemur í leikskólann er mikilvægt að barni sé fylgt inn á deild eða matsal og beðið þar til starfsmaður tekur á móti því. Þegar barnið er sótt þarf að láta starfsfólk vita að barn hafi lokið vistun þann daginn, einnig ber foreldrum að láta vita ef einhver annar en foreldri sækir barnið. Mikilvægt er að tilkynna veikindi sem og ef barn er í leyfi. Það má gera í gegnum Karellen appið eða með því að hringja í leikskóla s.434-7731.

Ef foreldrar eru ekki komnir þegar 5 mínútur eru liðnar frá því að umsaminn vistunartími er liðinn er hringt heim. Foreldrum er gert að greiða aukagjald ef börnin koma eða fara utan umsamins dvalartíma.

Reynt er að mæta óskum um breytingar á dvalartíma svo fljótt sem unnt er. Einnig er reynt að koma til móts við foreldra/aðstandendur ef tímabundnar breytingar eiga sér stað.

Æskilegt er að látið sé vita ef barnið mætir seinna en vant er og þá hvenær er von á barni. Það er gert til að skipulagt starf getið staðist.

Ekki er æskilegt að barn mæti á matar- eða hvíldartíma, sem er frá 11:30-13:00 og fer eftir hópum. Ætlast er til að forráðamenn taki samtal við starfsmann innan hóps ef um afmarkað tilvik er að ræða.

Tilmæli um veikindi

Leikskólinn er ætlaður fullfrískum börnum og tekur mið af því að þau geti tekið fullan þátt í leik og starfi bæði úti og inni. **Börn sem ekki eru fullfrísk ættu ekki að koma í leikskólann bæði vegna smithættu og til að draga úr vanlíðan barns þar sem vitað er að áreiti og álag er mun meira í leikskólanum en heima fyrir.** Ef barn veikist í leikskólanum er forráðamönnum gert viðvart. Miðað er við að ef sóttthiti er hærri en 37,7°C séu foreldrar láttnir vita og ber þeim að sækja barn ef starfsmenn meta líðan þess þannig. Eins og þekkt er þá eru ung börn fremur kvefsækin og er það ávallt í höndum foreldra hverju sinni hvort þau sendi barn í leikskólann þegar svo er. Ef barn er ekki með hita eða ber smit af einhverju tagi og **hresst að öllu öðru leyti** er barnið velkomið í leikskólann en haft verður samband við forráðamenn ef barnið getur ekki tekið þátt í starfinu og/eða sýnir skýr merki um vanlíðan, án þess að vera með hita.

Þegar barn kemur ekki í leikskólann vegna veikinda er mikilvægt að foreldrar hringi í leikskólann í s. 4347731 tilkynni veikindin eða sendi skilaboð í gegnum Karellen appið.

Ekki er hægt að fá að vera inni í útiveru til að fyrirbyggja veikindi eða eftir veikindi.

Ekki eru gefin lyf í leikskólanum nema til komi vottorð frá lækni um að lyfjagjöf sé nauðsynleg þann tíma sem barnið dvelur í leikskólanum. Ef barn hefur greinst með óþol, ofnæmi, astma eða einhvers annars sem krefst sérstakrar meðferðar, skal skila vottorði því til staðfestingar.

Endurnýja þarf læknisvottorð á ársgrundvelli.

Sérstakar áherslur í starfi skólaárið 2025-2026

Á skólaárinu 2025-2026 verður unnið með læsi og læsisstefnu Reykhólaskóla. Lubbi finnur málbein er rauður þráður í gegnum allt starfið og vináttubangsinn Blær verður með í starfinu að teknu tilliti til aldurs og þroska barnanna. Mikil áhersla verður lögð á að innleiða

tákn með tali þetta skólaár í öllu starfi og verkefnum. Bækurnar Sól og Litla sól verða notaðar markvisst sem innblástur með öllum aldri í málörvun barnanna.

-Hreyfing og útivera er lykilþáttur í vellíðan barnanna og nýtum við nærumhverfið í daglegu starfi.

-Hópastarf þar sem verkefni eru unnin sem tengjast ákveðnu þema, er miðað við þroska og getu hvers hóps. Þar er fylgt leiðarljósi sem kemur fram í Aðalnámskrá leikskóla. Börnin fá tækifæri til að túlka og tjá á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmennt- og tungumál. Jafnframt eru börn hvött til að tjá sig, hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.

Vikupóstur

Vikupóstur er samskiptapóstur til foreldra sem upplýsir um verkefni liðinnar viku og hvað er á döfinni næstu vikuna. Í vikupósti koma einnig fram upplýsingar um starfsdaga og aðra viðburði á vegum skóla. Vikupóstur er einungis sendur í gegnum póstoffang foreldra/forráðamanna, oftast á föstudögum. Aðrar mikilvægar tilkynningar og áminningar fara einnig í gegnum karellenkerfið.

Heilsueflandi leikskóli snýst um að vinna markvisst að heilsueflingu í leikskólanum með það að markmiði að bæta heilsu og vellíðan barna og starfsfólks.

Heilsueflandi leikskóli er sameiginleg vinna stjórnenda og starfsfólks. Unnið er markvisst að því að skapa umhverfi og aðstæður þar sem allir hafa tækifæri til að blómstra í lífi og starfi.

Vínátta – Blær felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvætt viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna (og fullorðinna) sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því. Unnið verður með Blæ í öllum hópum, en þetta er fyrsti veturinn sem unnið verður með Blæ. Undirþemu eru *vinátta, umburðarlyndi, virðing, umhyggja, hugrekki*. Meginmarkmið

þemans er virðing fyrir hverju öðru og koma orði á tilfinningar. Auk þess að börnin kynnist því sem tilheyrir hverju undirþema fyrir sig.

Lubbi finnur málbeinið er íslenskt námsefni, eftir Eyrúnu Ísfold talmeinafræðing, með áherslu á hljóðkerfis- og hljóðavitund. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar mikið til að læra að tala. Þá þarf hann að læra öll íslensku málhjóðin. Hann veit að þegar hann hefur lært þau öll losnar um málbeinið og hann getur leyst frá skjóðunni. Í Hólabæ er unnið með Lubba í öllum hópum.

Lærum og leikum með hljóðin er fjölbreytt framburðarefni eftir Bryndísi Guðmundsdóttur sem er ætlað börnum, foreldrum og fagfólki til að undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Málhjóðin í íslensku eru kynnt til sögunnar í sömu röð og barnið tileinkar sér hljóðin og þyngdarstigið eykst um leið og leikið er með skemmtilegar æfingar í bókum, spilum og smáforritum. Lærum og leikum með hljóðin er notað samhliða Lubba.

Tákn með tali: Tákn með tali (TMT) er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða.

Það er byggt á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Táknunum er skipt í:

- Náttúruleg tákn- byggjast á því að athöfn er leikin eða eiginleikum lýst.
- Eiginleikum/samræmt tákn - eru flest fengin að láni úr táknmáli heyrnarlausra.

Í TMT eru tákni alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hvernar setningar, eitt eða fleiri, táknuð. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barna.

Sól og Litla sól: Eru bækur sem hugsaðar eru sem innblástur og hugmyndabanki í vinnu með málþroska ungra barna.

Iðjubjálfun. Í Hólabæ er starfandi iðjubjálfi 5 stundir í viku, hver stund er um 20 mínútur. Iðjubjálfi vinnur með þau börnum sem þurfa á þurfa á að halda, bæði einstaklingslega og í hóp.

Hreyfing. Tvisvar sinnum í viku fara Græni og Rauði hópur í hreyfingu í íþróttasal. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og samræmist vel markmiðum Aðalnámskrár, þar sem fram kemur að börn eigi að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar. Einnig fara nemendur í frjálsar stundi í íþróttasal með kennurum.

Afmæli. Þegar barn á Hólabæ á afmæli, fær það að bjóða öllum börnunum í sínum hóp í ávaxtastund. Þar er skreyttur bakki með fána og jafnvel bætt við einhverju óvæntu, t.d. grænmeti sem jafnan er ekki í hefðbundinni ávaxtastund, afmælissöngurinn er sungin í tilefni dagsins í söngstund. Í síðdegishressingu fær barnið að bjóða upp á kalt kakó og ristað brauð með áleggi og kex eða annað sætmeti. Barnið sem á afmæli fær kórónu, sem það skreytir sjálft og fær að taka með sér heim í lok dags. Þá er tekin mynd af barninu með kórónu og sett í ferilmöppu barnsins.

Við mælumst til þess að boð í afmælisveislur fari fram á öðrum vettvangi en á leikskóla til að skapa ekki óþarfa áhyggjur og/eða meting milli barnanna.

Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf leik- og grunnskóla

Í lögum og aðalnámskrá leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á samstarfi leik- og grunnskóla. Tilgangurinn er að auðvelda börnum þá breytingu sem verður á lífi þeirra þegar þau fara úr leikskóla yfir í grunnskóla og að sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verði grunnur fyrir nám í grunnskólanum.

Markmið samstarfsins er:

- að efla tengslin milli skólastiganna
- að skapa samfellu í námi og kennslu
- að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mótun skólastiga
- að auka gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á námi barna og starfsaðferðum hvors skóla
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiganna

Til að ná áður nefndum markmiðum vinna skólastigin tvö eftir áætlun sem endurskoðuð er í byrjun hvers skólaárs sem felur í sér samvinnu skólanna yfir veturinn ásamt nokkrum áhersluatriðum og verkþáttum fyrir hvorn skóla.

Á þessu starfsári, 2025-2026, er eitt barn í elsta árgangi leikskólans sem fer í um 60 mín kennslustund með 1.-2. bekk grunnskóladeildar á vorönn.

Heilsugæslustöð

Leikskólinn er í samstarfi við heilsugæsluna í Búðardal sem boðar til og hefur umsjón með ung- og smábarnavernd. Heilsugæslan hefur samband við leikskólann ef áhyggjur vakna af þroska- og/eða aðbúnaði barna. Leikskólinn tekur þá málið upp með nemendabjónustunni og leitar viðeigandi úrræða.

Áætlanir

Eineltisáætlun

Markmið eineltisáætlunar Hólabæjar er að skapa starfsmönnum og börnum öruggt og gott starfsumhverfi. Öll eiga rétt á því að komið sé fram við þau af virðingu og að þau sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti eða öðru ofbeldi. Farið er eftir eineltisáætlun Reykhólahrepps er finna má á [heimasíðu](#) sveitarfélagsins.

Starfsmaður sem verður fyrir einelti, eða starfsmaður sem verður vitni að einelti, skal snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið þar sem erfiðara getur reynst að

leysa málið eftir því sem lengri tími líður frá því að áreitni hófst. Starfsmaður á einnig kost á því að snúa sér til trúnaðarmanns á vinnustaðnum og það er gjarnan eina leiðin ef gerandi er yfirmaður þolandans.

Skýrar starfsreglur og vel afmörkuð ábyrgðarsvið er mikilvægur liður í því að fyrirbyggja einelti á vinnustað. Allir starfsmenn vinnustaðar eru samábyrgir um að móta jákvætt starfsumhverfi og góðan vinnuanda, sýna hverjum öðrum stuðning og samstöðu.

Forvarnaráætlun

Forvarnir eru í eðli sínu víðtækar og ná til flestra þátta í daglegu lífi okkar. Forvarnir eiga að spanna allt lífsskeið fólks og hafa velferð og farsæld íbúanna að leiðarljósi. Jafnrétti og fordómaleysi þarf að einkenna forvarnir. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar, íþróttar og tómstunda með tilliti til lýðheilsu. Tryggja þarf að allir geti notið ástundundar heilbrigðs líferni án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kynferðis. Leggja þarf áherslu á fræðslu um vímuvarnir og að upplýsingar um úrræði séu aðgengilegar. Þjóða þarf foreldrum upp á fræðslu og stuðning þannig að þeir eflist í uppeldishlutverkinu. Foreldrar eru og verða sterkustu fyrirmyndirnar. Þeir þurfa að setja börnum skýran ramma og fara eftir lögum og reglum. Þá þurfa foreldrar og allir þeir sem koma að uppeldi barna að vera í góðri samvinnu.

Fyrirmyndir finnast einnig í samfélaginu, utan heimilis. Samfélagið þarf að vera meðvitað um ábyrgð sína, að við gegnum öll hlutverki í forvörnum. Þeir sem eldri eru þurfa að vera þeim yngri fyrirmyndir í einu og öllu og senda skýr skilaboð. Við berum öll ábyrgð.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun skólans hangir upp á vegg víðsvegar í leikskólanum og er starfsfólk hvatt til að kynna sér áætlunina.

Viðbrögð við eldsvoða

- ef eldur brýst út þá skal nærstaddur strax reyna að ráða niðurlögum hans með brunavarnarbúnaði skólans
- tilkynna skal strax og mögulegt er, ef elds verður vart þó um lítinn eld sé að ræða. (Ræsið brunakerfið)
- þurfi að fara út í gegnum hita á reyk, ber að fara með gólfum, þ.e. skríða
- sum börn forðast hættuástand með því að fela sig. Þess vegna þarf að leita gaumgæfulega að þeim, á öllum hugsanlegum stöðum.

| STARFSHEITI | ELDUR ! | ÞEGAR KOMIÐ ER ÚT Á LÓÐ |
|-----------------------------|---|--|
| Leikskólastjóri | Tilkynnir um eld (112) og metur aðstæður, hvort hægt sé að slökkva eldinn með búnaði skólans. Leikskólastjóri stjórnar rýmingu. | NEYDARNÚMER 112 |
| Deildarstjóri/ hópstjóri | Fer með sinn barnahóp út um næsta neyðarútgang. Allir fara að rólunum. | Athugar hvort allir séu komnir út. Lætur leikskólastjóra vita ef einhver vantar. Börnin setjast út við rólurnar. |
| Kennarar/ leiðbeinendur | Fara með sinn barnahóp út um næsta neyðarútgang. Allir fara að rólunum. | Börnin setjast út hjá rólunum. Biður annarra fyriræla. |

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er unnin af skólastjóra í samráði við starfsfólk og utanaðkomandi aðila þegar skipuleggja þarf áfallahjálp barna og starfsfólks leikskóladeildar að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð við áföllum eru ákveðin. Áætlunina má finna á vefsíðu leikskólans: [Áætlanir](#)

Óveðursáætlun

Ef veður eru ekki hagstæð ræða skólastjóri, deildarstjóri og skólabílstjórar saman um framvindu aksturs þann daginn áður ens kólahald hefst. Eftirfarandi viðmið eru þó starfrækt innan Reykhólaskóla.

Ef rauð viðvörðun er fyrir svæðið eru allar stofnanir lokaðar.

Ef appelsínugul viðvörðun er fyrir svæðið þá fellur skólalald ýmist niður tímabundið eða að öllu leyti, fá foreldrar tilkynningu í sms/tölvupósti/karellen.

Ef gul viðvörðun er í gangi þá meta foreldrar hvort börn þeirra komi í skólann.

Skólabílstjórar meta einnig eftir aðstæðum hvort fært er að sækja nemendur. Ef skólabílstjórar meta ástand tvísýnd hafa þeir ákvörðunarvald til að taka ekki leikskólabörn þann daginn. Veður getur verið misjafnt eftir stöðum í sveitarfélaginu og ber foreldrum að meta hverju sinni hvort óhætt sé að senda nemendur í skólann/leikskóla.

Foreldrar barna í dreifbýli fylla út eyðublað á hverju hausti þar sem kemur fram á hvaða heimili á Reykhólum er aðsetur/fósturheimili barnsins ef sú staða kemur upp að skólabílar geti ekki keyrt heim að loknum skóla.

Skólabílstjórar hafa samband við skólastjóra um leið og veðurhorfur eru orðnar slæmar og tekin er ákvörðun þeirra á milli um stöðu. Skólabílstjórar eða skólastjóri/deildarstjóri hafa samband við foreldra ef þurfa þykir vegna ákvarðana sem teknar eru vegna veðurs.

Slysaskráning

Í barnahóp geta alltaf orðið óhöpp og slys og ef það kemur fyrir eru foreldra látnir vita. Ef fara þarf með barn á slysadeild ber leikskólanum að tilkynna slysið til lögreglu og gefa skýrslu. Sérstök eyðublöð eru til sem fylla út þegar um slys er að ræða, einnig er það skráð í dagbók í Karellen. Sá starfsmaður sem kann að verða vitni að slysinu fyllir út eyðublaðið (og skráir í Karellen) sem síðan er varðveitt í möppu hjá skólastjóra/deildarstjóra. Minniháttar óhöpp eru einungis skráð í Karellen.

Námsvísir og skóladagatal.

Námsvísir leikskóladeildar Reykhólaskóla má sjá nánar á heimasíðu.

<http://holabaer.leikskolinn.is/>

Helstu áherslur deildarinnar skólaárið 2025-2026 má sjá hér að neðan.

Áherslur leikskóladeildar

Áhersla er lögð á leik og virk og gagnvirk tjáskipti í gegn um allan daginn alla daga. Leikurinn og samtalið eru okkar helstu lærdómstól.

Alla daga er söngstund, lestrarstund, hugguleg matarstund og markviss slökunarstund. Auk þess bjóða allir dagar upp á tækifæri til samræðna, útiveru, uppgötvana eða tilrauna, undrunar og sköpunar.

Læsi og samskipti, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning og heilbrigði og vellíðan koma ávallt fyrir í daglegu starfi í gegn um leik.

Við leggjum áherslu á að börnin hafi mótandi áhrif á starfið og að þeirra áhugasvið og forvitni leiði okkur áfram.

Sam útinámsskóli leggjum við áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til útináms þar sem unnið er með markmið starfsins hverju sinni.

Unnið er með sömu grunnþætti og áherslur og grunnskólinn þótt aðferðir, áherslur og markmið séu önnur.

Eftirfarandi eru leiðarstef í skipulagi starfsins á hverjum tíma fyrir sig.

| Ég og fjölskyldan mín | Hátíðir og hefðir | Hópurinn minn | Ég og umhverfið mitt |
|--|--|--|---|
| Máthjón | | | |
| a, í, ý, é, m, b, n, d, k, hj | e, ú <u>l, v, j, f, p, hl</u> | o, u, i g, h, t, k, s, r, hr | á, ö, æ ð, mjúka g, þ, hn |
| Málörvun | | | |
| Orðaforði Setningamyndun | Málskilningur Málvitund | Samleikur/félagsfærni Tjáskipti/samskipti | Framburður Athygli/einbeiting |
| Vinátta og samskiptafærni | | | |
| Virðing | Fjölbreytileiki | Umhyggja | Hugrekki |
| Tjáskipti (talað mál og tákn með tali) | | | |
| Grunnorðaforði Grunnþarfir Ég og fjölskyldan | Litir og form Árstíðir og hátíðir Aðstoð og óskir | Kurteisi og þakklæti Afstöðuhugtök Spurnarorð | Náttúran og dýrin Stærðir Aðgerðir |
| Skímanir og mælingar nemendahópa | | | |
| Lesfimi Einstaklingsnámskrár <u>Hljóm2</u> - 5 ára <u>EFI2</u> - 3 ára TRAS (leikskóli) MIO (leikskóli) | Félagsleg staða Innlit stjórnenda Brunaæfing Samskiptamat starfsfólks AEPS (leikskóli) | Lesfimi Orðarún (3.-8. bekkur) Jafningjamat kennara Foreldrakannanir Nemendakannanir TRAS (leikskóli) | Lesfimi Orðarún (3.-8. bekkur) Félagsleg staða MIO (leikskóli) |

MÁÍ 2025

Birt á heimasíðu skólans ágúst 2025

Skóladagatal Hólabæjar

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: **Hólabær**

| AGUST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NOVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRUAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|----------------------------------|-----------------------------------|----------------------------------|-------------------------------|--------------------------|-----------------------------------|---|-----------------------------|-----------------------------|------------------------------|---------------------------------|--|
| 1. F. Sumarleyfi | 1. M. | 1. M. | 1. L. | 1. M. Fúlvéldisdagurinn | 1. F. Nýársdagur | 1. S. | 1. S. | 1. M. | 1. F. Verkalýðdagurinn | 1. M. | 1. M. Sumarleyfi |
| 2. L. | 2. Þ. | 2. F. | 2. S. | 2. Þ. | 2. F. Jólaeyfi | 2. M. | 2. M. Dansvika | 2. F. Skírdagur | 2. L. | 2. Þ. | 2. F. Sumarleyfi |
| 3. S. | 3. M. | 3. F. | 3. M. | 3. M. | 3. L. | 3. Þ. | 3. Þ. | 3. F. Föstudagurinn langi | 3. S. | 3. M. | 3. F. Sumarleyfi |
| 4. M. Frídagur verslunarmanna | 4. F. | 4. L. | 4. Þ. | 4. F. | 4. S. | 4. M. | 4. M. | 4. L. | 4. M. | 4. F. | 4. L. |
| 5. Þ. Sumarleyfi | 5. F. | 5. S. | 5. M. | 5. F. | 5. M. | 5. F. | 5. F. | 5. S. Þléskadagur | 5. Þ. | 5. F. | 5. S. |
| 6. M. Sumarleyfi | 6. L. | 6. M. | 6. F. | 6. L. | 6. Þ. Zveitlandinn | 6. F. Dagur leikskólans | 6. F. | 6. M. Annar í Þeskum | 6. M. | 6. L. | 6. M. Sumarleyfi |
| 7. F. Sumarleyfi | 7. S. | 7. Þ. | 7. F. | 7. S. | 7. M. | 7. L. Dagur löndistanskóla | 7. L. | 7. Þ. Starfisdagur | 7. F. | 7. S. Sjómanna dagurinn | 7. Þ. Sumarleyfi |
| 8. F. Sumarleyfi | 8. M. Dagur lesa | 8. M. | 8. L. Björkudagur gegn sjúki | 8. M. | 8. F. | 8. S. | 8. S. | 8. M. | 8. F. | 8. M. | 8. M. Sumarleyfi |
| 9. L. | 9. Þ. | 9. F. | 9. S. | 9. Þ. | 9. F. | 9. F. | 9. M. Vetrarfrí | 9. M. | 9. F. | 9. Þ. | 9. F. Sumarleyfi |
| 10. S. | 10. M. | 10. F. | 10. M. | 10. M. | 10. L. | 10. Þ. Starfisdagur | 10. Þ. | 10. F. | 10. S. | 10. M. | 10. F. Sumarleyfi |
| 11. M. Sumarleyfi | 11. F. | 11. L. Fæðingdagur íslands (HIT) | 11. Þ. | 11. F. | 11. S. | 11. M. Dagur íslenska lífsgrunnáttarinnar | 11. M. | 11. L. | 11. M. | 11. F. | 11. L. |
| 12. Þ. Starfisdagur | 12. F. | 12. S. | 12. M. | 12. F. | 12. M. | 12. F. | 12. F. | 12. S. | 12. Þ. | 12. F. | 12. S. |
| 13. M. Leikskóli opnar kl. 10.00 | 13. L. | 13. M. | 13. Þ. | 13. L. | 13. Þ. | 13. F. | 13. F. | 13. M. | 13. M. | 13. L. | 13. M. Sumarleyfi |
| 14. F. | 14. S. | 14. Þ. | 14. F. | 14. S. | 14. M. | 14. L. | 14. L. Dagur stærðfræðinnar | 14. Þ. | 14. F. Úppfölingardagur | 14. S. | 14. Þ. Sumarleyfi |
| 15. F. | 15. M. | 15. M. | 15. L. | 15. M. | 15. F. | 15. S. | 15. S. | 15. F. | 15. F. | 15. M. | 15. M. Sumarleyfi |
| 16. L. | 16. S. Dagur íslenskrar náttúru | 16. F. | 16. S. Dagur íslenskrar tungu | 16. Þ. | 16. F. | 16. M. Bolludagur | 16. M. | 16. F. | 16. L. | 16. Þ. | 16. F. Sumarleyfi |
| 17. S. | 17. F. | 17. M. | 17. M. | 17. M. | 17. L. | 17. Þ. Sprengingardagur | 17. Þ. | 17. F. | 17. S. Lýðveldisdagurinn | 17. F. | 17. M. Sumarleyfi |
| 18. M. | 18. F. | 18. L. | 18. Þ. | 18. F. | 18. S. | 18. M. Óskudagur | 18. M. | 18. L. | 18. M. | 18. F. | 18. L. |
| 19. Þ. Samgönguáttar dagurinn | 19. F. | 19. S. | 19. M. | 19. F. Íslu jólin | 19. M. | 19. F. | 19. F. | 19. S. | 19. Þ. | 19. F. | 19. S. |
| 20. M. | 20. L. | 20. M. Fæðingardagurinn | 20. F. Dagur mannréttinda | 20. L. | 20. Þ. | 20. F. | 20. F. | 20. M. | 20. M. | 20. L. | 20. M. Sumarleyfi |
| 21. F. Skólasetin, grunnskóla | 21. S. | 21. Þ. | 21. F. | 21. S. | 21. M. | 21. L. | 21. L. | 21. Þ. | 21. F. | 21. S. | 21. Þ. Sumarleyfi |
| 22. F. Starfisdagur | 22. M. | 22. L. | 22. M. | 22. M. | 22. F. Böndadagur - ljóshaf þorra | 22. S. Komudagur - opphaf | 22. S. | 22. M. | 22. F. | 22. M. | 22. M. Sumarleyfi |
| 23. L. | 23. Þ. | 23. F. | 23. S. | 23. Þ. Þorlákmessejeyfi | 23. F. | 23. M. | 23. M. Fæðingardagurinn | 23. F. Sumardagurinn fyrsti | 23. L. | 23. Þ. | 23. F. Sumarleyfi |
| 24. S. | 24. M. | 24. F. | 24. M. | 24. M. Aðfangadagur jóla | 24. L. | 24. Þ. | 24. F. | 24. F. | 24. S. Hvítasunnudagur | 24. M. | 24. F. Sumarleyfi |
| 25. M. | 25. F. | 25. S. | 25. M. | 25. F. Jóladagur | 25. S. | 25. M. | 25. M. | 25. L. | 25. M. Annar í Hvítasunnunni | 25. F. | 25. L. |
| 26. Þ. | 26. F. Evrópski tungumáladagurinn | 26. S. | 26. M. | 26. F. Annar í jólin | 26. M. | 26. F. | 26. F. Ársárið | 26. S. | 26. M. Annar í Hvítasunnunni | 26. F. Seinni dagur fyrir jólin | 26. S. |
| 27. M. | 27. L. | 27. M. Vetrarfrí | 27. F. Fúlvéldisráðið | 27. L. | 27. Þ. | 27. F. | 27. F. | 27. M. | 27. M. | 27. L. | 27. M. Sumarleyfi |
| 28. F. Haukafélag grunnskóla | 28. S. | 28. M. Vetrarfrí | 28. F. | 28. S. | 28. M. | 28. L. | 28. L. | 28. Þ. | 28. F. | 28. S. | 28. Þ. Sumarleyfi |
| 29. F. | 29. M. | 29. M. Starfisdagur | 29. L. | 29. M. Jólaeyfi | 29. F. | 29. S. | 29. S. Palmásunnudagur | 29. M. | 29. F. | 29. M. | 29. M. Sumarleyfi |
| 30. L. | 30. Þ. | 30. F. | 30. S. | 30. Þ. Jólaeyfi | 30. F. | 30. M. | 30. F. | 30. L. | 30. L. | 30. Þ. Sumarleyfi | 30. F. Sumarleyfi |
| 31. S. | | 31. F. | | 31. M. Gamli dagurinn | 31. L. | | 31. Þ. | | 31. S. | | 31. F. Sumarleyfi. Leikskóli opnar kl. 10.00 |

Opnunartími

Hólabær er opin alla virka daga frá kl. 8:00 - 16:00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 8:00-14:00 á föstudögum.

Dagskipulagið er sent heim til foreldra í tölvupósti að hausti en er í stórum dráttum eftirfarandi:

| | |
|---------|--------------------------------|
| 8:00 | Leikskólinn opnar |
| 08:00 – | Móttaka, morgunmatur og frjáls |
| 08:40 | leikur |

| | |
|------------------|--|
| 08:45 – 09:20 | Róleg stund |
| 09:20 – 09:40 | Samvera - Ávaxtatími |
| 09:40 – 10:20 | Faglegt starf Hópastarf – listasmiðja - hreyfing - tónlist |
| 10:20 | Útivera |
| 11:30 – 12:00 | Hádegismatur |
| 12:00 – 14:00 | Hvíld – róleg stund - val - hópastarf. (Fer eftir aldri) |
| 14:00 – 14:20 | Síðdegishressing Leikskóli lokar 14:00 föstudaga |
| 14:20 – 16:00 | Útivera – val |
| 16:00 | Leikskólinn lokar |

Sérstakir dagar sem haldið er upp á:

Sérstakir dagar eru ekki allir merktir inn á skóladagatal, leikskóladeild auglýsir þær dagsetningar á tyllidögum sem tekið er þátt í t.d.

- Bleiki dagurinn - október
- Baráttudagur gegn einelti - nóvember
- Dagur íslenskrar náttúru - september
- Dagur íslenskrar tungu (afmælisdagur Lubba) - 16. nóvember.
- Bóka og bangsadagur - október
- Jólakaffi og foreldrakaffi - desember

- Dótadagur - að hausti og vori
- Þorrasmakk - janúar
- Dagur leikskólans - febrúar
- Vasaljósadagur - desember
- Jólapeysudagur - desember
- Kakó ganga í desember
- Fullveldishátíð Reykhólaskóla - desember
- Bolludagur - febrúar
- Sprengidagur - febrúar
- Öskudagur - febrúar
- Árshátíð Reykhólaskóla - mars
- Vorferð eða vorhátíð - maí
- Útskrift elstu barna - maí

Lokaorð

Starfsáætlun Hólabæjar er birt á vefsíðu skólans bæði í heild sinni og eftir viðfangsefnum. Á hverju vori er starfsáætlun metin og gildir mat á starfsáætlun sem ársskýrsla leikskólans. Á haustin er starfsáætlunin síðan endurskoðuð og einstakir hlutum hennar breytt til að miða að starfi það skólaár, starfsáætlun er síðan birt aftur í heild sinni á vefsíðu skólans.

Starfsáætlun uppfærð 30. september 2025

Íris Ósk Sigþórsdóttir

deildarstjóri Hólabæjar